

Þá verður rétturinn og að fallast á það hjá stefnanda, að í öllum klausunum séu móðgandi aðdróttanir í hans garð. Meðal annars er honum þar ásamt þeim, sem taldir eru í greininni, brugðið um óhófseiðslu utanlands og innan, það er gefið í skyn, að viðskiptasiðfræði hans, og almennur heiðarleiki sé á lágu stigi og að drenglyndinu hjá honum sé ábótavant, en ummæli þessi svo og aðrar dylgjur í klausunum, hafa á engan hátt verið réttlætt. Ber því að taka kröfu stefnanda um ómerkingu á hinum umstefndu ummælum til greina að því leyti sem þeim er beint að honum, og láta stefnda sæta refsingu fyrir þau, er þykir hæfilega ákveðin 200 króna sekt í rikissjóð og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn, 12 daga einfalt fangelsi. Þar sem málskostnaðar hefir ekki verið krafizt í stefnu, verður hann ekki tildæmdur.

Mánudaginn 31. okt. 1932.

Nr. 52/1932. *Olíuverzlun Íslands, h.f.*

(Stefán J. Stefánsson)

gegn

hreppsnefnd Kirkjuhvammshrepps

(Enginn).

Útsvarsálagning samkv. 8. gr. a. lið l. nr. 46, 15. júní 1926 eigi heimiluð. Fógetaréttarúrskurður og lög-tak úr gildi fellt.

Úrskurður fógetaréttar Húnavatnssýslu 30. jan. 1932:
Hin umrædda lögtaksgerð á óhögguguð að standa.

Dómur hæstaréttar.

Hin stefnda hreppsnefnd hefir eigi mætt eða lát-ið mæta í máli þessu, þótt henni hafi verið löglega stefnt og hefir málið því verið rekið skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Eftir skjölum málsins eru málavextir þeir, að á árinu 1929 samdist svo á milli áfrýjanda og nafngreinds kaupmanns á Hvammstanga, Sigurðar Pálmasonar, að Sigurður tók að sér að selja benzín fyrir áfrýjanda, skyldi áfrýjandi leggja til benzíngeymi til afnota við söluna, en Sigurður skyldi fá í umboðslaun 3 aura af hverjum lítra af benzíni, er hann seldi, og átti Sigurður að standa skil á andvirði alls þess benzíns, er hann seldi, hvort sem hann seldi benzínið gegn staðgreiðslu eða lánaði það viðskiptamönnum sínum. Lét áfrýjandi síðan reisa benzíngeymi á lóð Sigurðar, — benzínið sendi áfrýjandi Sigurði á tunnum og var það svo látið á geyminn, og þaðan seldi Sigurður það síðan og greiddi áfrýjandi honum 50 kr. á ári sem þóknun fyrir lóð þá, er geymirinn stendur á, og fyrir geymslu á tunnunum undan benzíninu, en áfrýjandi kostaði flutning á benzíninu til Sigurðar og endursendingu á tunnunum. Benzíngeymirinn og tunnurnar voru eftir sem áður eign áfrýjanda.

Með því að hreppsnefnd Kirkjubæjshrepps leit svo á, að með þessu hefði áfrýjandi sett á stofn heimilisfasta atvinnustofnun eða útibú á Hvammstanga, lagði hún árið 1931 70 kr. útsvar á benzíngeymi eða benzínsölu áfrýjanda, og er áfrýjandi neitaði að greiða útsvar þetta, var það tekið lög-taki af hlutaðeigandi hreppsnefnd gegn mótmælum áfrýjanda. Eftir að málið hafði verið sótt og varið fyrir fúgetarétti Húnavatnssýslu úrskurðaði fúgetinn hinn 30. jan. þ. á., að lögtaksgjörð hreppstjórans skyldi standa óhöggvæð. Þessum úrskurði hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 22. apríl þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 8. s. m., og hefir krafizt þess, að hinn áfrýj-

aði úrskurður og lögtaksgjörð verði felld úr gildi og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað í hæstarétti eftir mati réttarins.

Áfrýjandi heldur því fram, að hér sé um venjulega umboðssölu að ræða, en enga sjálfstæða atvinnustofnun í þeirri merkingu, sem átt er við í 8. gr. a-lið í lögum um útsvör nr. 46, 15. júní 1926.

Á þetta verður að fallast, og hefir það engin áhrif í þessu efni, þótt notað hafi verið við söluna áhald — benzingeymir, er áfrýjandi átti. Það ber því að fella hinn áfrýjaða fógætaréttarúrskurð og lögtaksgjörð úr gildi og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 150 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógætaréttarúrskurður og lögtaksgerð er felld úr gildi. Stefndur, hreppsnefnd Kirkjuhvammshrepps, f. h. hreppsins, greiði áfrýjanda, Oliuverzlun Íslands h/f, 150 kr. í málskostnað í hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með bréfi, dags. 9. okt. f. á., fór oddviti Kirkjuhvammshrepps þess á leit, að tekið væri lögtaki útsvar það, 70 kr., er bensingeymi Oliuverzlunar Íslands h/f. á Hvamstanga hefði 1931 verið gert að greiða til Kirkjuhvammshrepps. Með úrskurði, dags. 31. okt. f. á., fól sýslumaður hreppsstjóra Kirkjuhvammshrepps að framkvæma umbeðið lögtak, hvað hreppstjóri gerði 11. nóv. f. ár. Undir lögtakinu komu fram mótmæli gegn því frá hálfu gerðarþola.

Gerðarþoli telur sig ekki útsvarsskyldan í Kirkjuhvammshreppi, þar sem að hann neitar því að hann reki

þar nokkra atvinnu, eða hafi þar fasta atvinnustofnun. Hafi hann aðeins benzingeymir á Hvammstanga, er liggur í Kirkjuhvammshreppi, selji nafngreindum kaupmanni á Hvammstanga bensín og aðrar oliuafurðir, er svo aftur verzli með þetta eftir eigin vild. Mótmælir gerðarþoli lögtakinu og útsvarsálagningunni yfirleitt um leið og hann sérstaklega skýrskotar til þess, að útsvarsálagningin á sig heyri ekki undir 8. gr. a. lið laga nr. 46 frá 1926.

Í máli þessu er fram komin yfirlýsing frá nefndum kaupmanni, að nafni Sigurður Pálmason, er selur benzín af benzingeymi gerðarþola.

Samkv. yfirlýsingu þessari ber gerðarþoli kostnað af uppskipun og framskipun á benzintunnum gerðarþola og flutningi þeirra að benzingeyminum. Sigurður hefir í sölulaun 3 aura af hverjum liter af benzini, er hann selur, og ber ábyrgð á innheimtunni, og gerðarþoli greiðir í lóðargjald fyrir benzingeymirinn og geymslu á tómunum 50 kr. á ári.

Samkvæmt þessu og með tilvísun til hæstaréttardóms í málinu nr. 10 1929 verður nú að líta svo á, að gerðarþoli reki slíkan atvinnurekstur á Hvammstanga í Kirkjuhvammshreppi, að hann sé útsvarsskyldur til nefnds hrepps samkv. a. lið 8. gr. í lögum nr. 46, 15. júní 1926. Verður því samkv. þessu að staðfesta lögtaksgerð hreppstjóra Kirkjuhvammshrepps.

Mánudaginn 31. okt. 1932.

Nr. 138/1932. Valdstjórnin (Stefán J. Stefánsson)

gegn

Höskuldi Eyjólfssyni

(Pétur Magnússon).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Árnassýslu 15. júní 1932: Kærður, Höskuldur Eyjólfsson, Saurbæ í Villingaholtshreppi. greiði 1200 króna sekt í ríkissjóð, en sé hún eigi greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, sæti hann ein-